

Ársskýrsla Persónuverndar 2016

Til : postur@personuvernd.is
Frá : Svava@personuvernd.is
Heiti : Ársskýrsla Persónuverndar 2016
Málsnúmer : 2017050126
Málsaðili : Ísafjarðarbær - bæjarritari
Skráð dags : 14.09.2017 16:37:02
Höfundur : Svava@personuvernd.is

Viðhengi [ATT00002.gif](#)[ATT00002.gif](#)
[ATT00001.gif](#)[ATT00001.gif](#)

Kæri viðtakandi.

Um mitt næsta ár kemur til framkvæmda ný evrópsk reglugerð um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Um er að ræða umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöfinni í tvo áratugi, en löggjöfin verður innleidd hérlandis og mun ná til allrar vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Hún mun því gilda um starfsemi hins opinbera, en einnig fyrir einkageirann og sveitarfélögin. Persónuupplýsingar – sem þetta snýst allt saman um – eru allar þær upplýsingar sem rekjanlegar eru til einstaklings, hvort sem hann er látinn eða lifandi. Verkefni Persónuverndar hafa sjaldan verið jafn krefjandi, mikilvæg og mikil að umfangi, enda stendur samfélagið á barmi fjórðu iðnbyltingarinnar, þar sem tækniframfarir hafa gjörbylt allri vinnslu og meðferð persónuupplýsinga.

Í takt við þá vitundarvakningu sem hefur átt sér stað um mikilvægi persónuverndar á síðustu árum sendir Persónuvernd nú ársskýrslu sína á ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög, ýmis samtök og aðra hagsmunaaðila.

Í ársskýrslunni má meðal annars finna ýmsan fróðleik um hlutverk og starfsemi Persónuverndar, auk ávarps forstjóra.

Skýrslan er gefin út á rafrænu formi en hana má nálgast á [heimasíðu Persónuverndar](#).

F. h. Persónuverndar,